

# Fráveitumál og landgræðsla í Mývatnssveit

## Viljayfirlýsing

Umhverfis- og auðlindaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins, sveitarstjórn Skútustaðahrepps og Landgræðsla ríkisins lýsa hér með yfir vilja sínum til að vinna saman að þróunarverkefni sem miðar að því að bæta fráveitumál við Mývatn, draga úr losun næringarefna í vatnið og nýta seyru til uppgræðslu á Hólasandi. Verkefnið byggir á umbótaáætlun Skútustaðahrepps og rekstraraðila í fráveitumálum, sem lögð var fram í febrúar 2018.

Mývatn og Laxá eru vernduð með lögum nr. 97/2004 og strangar kröfur eru gerðar til fráveitumála í reglugerð á grunni þeirra laga og með vísan til sérstöðu Mývatns hvað varðar einstakt og viðkvæmt lífríki og náttúrufar. Áhyggjur hafa verið uppi um að næringarefni frá fráveitu og öðrum uppsprettum af mannavöldum kunni að eiga þátt í neikvæðri langtímapróun í lífkerfi Mývatns. Starfshópur stjórnvalda og heimamanna lagði fram ábendingar um mögulegar umbætur í þeim efnum 2016 og hefur verið unnið samkvæmt þeim. Stærsti þátturinn lýtur að umbótum á fráveitumálum. Fram er komin áhugaverð lausn í þeim efnum, sem byggir á aðskilnaði fráveitukerfa í byggingum á svæðinu og að nýta sk. svartvatn til uppgræðslu auðna á Hólasandi. Með þeirri lausn er tekið fyrir losun næringarefna í fráveitu að mestu leyti, en þau nýtt sem áburður við landgræðslu. Umbótaáætlun Skútustaðahrepps og rekstraraðila byggir á þessari nýstárlegu lausn og hefur áætlunin verið samþykkt af Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.

Skútustaðahreppur og rekstraraðilar við Mývatn munu ráðast í nauðsynlegar aðgerðir við breytingar á lögnum bygginga í því skyni að aðskilja svartvatn og grávatn úr skólpi, lagfæra siturbeð fyrir hreinsun grávatns og annast flutning á svartvatni á Hólasand. Landgræðsla ríkisins mun taka þátt í uppbyggingu geymsluaðstöðu fyrir svartvatn á Hólasandi og mun hún annast reglubundna niðurlægingu svartvatnsins, auk umsjónar og eftirlits með verkefninu.

Samhliða umbótum á fráveitum verður vöktun á lífríki Mývatns af hálfu stjórnvalda eflað og sérstaklega hvað varðar innkomu næringarefna. Þegar hefur verið hafist handa við bættu vöktun, en frekari útfærsla hennar verður unnin í samráði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, rannsóknastofnana og heimamanna.

Mývatn og Laxá eru meðal helstu náttúrugræma Íslands og mikilvægt að standa vörð um þær. Svæðið er verndað með sérstökum lögum og er á skrá Ramsar-sáttmálans um vernd votlendis vegna ríkulegs og sérstaks lífríkis. Umbætur í fráveitumálum við Mývatn eru mikilvægt skref í þá átt að lágmarka neikvæð áhrif manlegrar starfsemi á lífríki vatnsins. Með verkefninu sem lýst er í umbótaáætlun Skútustaðahrepps og þessari viljayfirlýsingu er fundin lausn þar sem vandamál fyrir lífríki Mývatns er breytt í auðlind við landgræðslu. Þetta er nýstárleg lausn, sem byggir á góðum vilja og samvinnu margra aðila. Verkefnið er skilgreint sem þróunarverkefni og mögulegt að það taki breytingum í ljósi reynslunnar. Aðilar þessarar viljayfirlýsingar lýsa sig reiðubúna til að leita lausna á þeim vandamálum sem kunna að koma upp með hagsmuni náttúru Mývatns og íbúa í Skútustaðahreppi að leiðarljósi.

Þær fjárhagslegu skuldbindingar sem leiða kunna af yfirlýsingu þessari eru gerðar með fyrirvara um að Alþingi veiti til þess nauðsynlegar heimildir á fjárlögum.

Mývatni 7. apríl 2018.

**F. h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins**

Bjarni Benediktsson

**F. h. umhverfis- og auðlindaráðuneytisins**

Guðmundur Ingi Guðbrandsson

**F. h. Skútustaðahrepps**

Þorsteinn Gunnarsson

**F. h. Landgræðslu ríkisins**

Magnús Jóhannsson